



# **NoseWork reglur**

Samþykktar af Íslenska NoseWork klúbbinum  
Gilda frá 30. mars 2026

## Efnisyfirlit

<b>1. Sérstakar reglur fyrir NoseWork.....</b>	<b>4</b>
<b>2. Almennar reglur fyrir NoseWork.....</b>	<b>4</b>
2.1 Ábyrgð.....	4
2.2 Ófyrirsjáanlegar aðstæður (Force majeure).....	4
2.3 Óleyfileg hegðun .....	5
2.4 Smitandi sjúkdómar.....	5
2.5 Hvolpafullar tíkur, tíkur með hvolpa og hvolpar.....	5
2.6 Lyfjanotkun .....	6
<b>3. Skilyrði fyrir þátttöku í prófum og keppnum.....</b>	<b>6</b>
3.1 Hundurinn:.....	6
3.2 Stjórnandi .....	6
3.3 Frávísun og útilokun teymis frá keppnum og prófum .....	6
3.4 Skráning og skráningargjöld.....	6
3.5 Endurgreiðsla þáttökugjalda.....	7
<b>4. Andmælaréttur í lyktarprófi eða keppni.....</b>	<b>7</b>
<b>5. Rásröð.....</b>	<b>8</b>
<b>6. Útbúnaður hunds.....</b>	<b>8</b>
<b>7. Myndatökur .....</b>	<b>8</b>
<b>8. Áhorfendur.....</b>	<b>8</b>
<b>9. Lyktarpróf.....</b>	<b>9</b>
9.1 Lyktarprófssvæði.....	9
9.2 Smit á leitarsvæði .....	9
9.3 Meðhöndlun á felum .....	9
9.4 Ílát.....	10
9.5 Staðsetning á felu .....	10
9.6 Lyktartruflun í lyktarprófi .....	10
9.7 Neikvæður beri .....	11
9.8 Auka þyngd í ílátin .....	11
9.9 Uppröðun lyktarprófs .....	11
9.10 Dómari á lyktarprófi .....	13
9.11 Aðili sem heldur lyktarpróf .....	13
<b>9.12 Dæming lyktarprófs .....</b>	<b>13</b>
9.12.1 Tímataka .....	13
9.12.2 Útfærsla .....	13
9.12.3 Úrslit.....	14
9.12.4 Verðlaunun hunds.....	14
9.12.5 Óstaðist lyktarpróf.....	14
<b>10. Keppnisflokkar .....</b>	<b>14</b>
10.1 Lyktir sem fyrircoma í NoseWork: .....	15
10.2 Keppnisform .....	15
<b>11. Reglur fyrir keppni .....</b>	<b>16</b>
11.1 Prófhundur .....	16
11.2 Forskoðun leitarsvæðis.....	16
11.3.1 Ílátaleit.....	16
11.3.2 Innanhúsleit .....	17
11.3.3 Utanhússleit .....	17
11.3.4 Farartækjaleit.....	18
<b>12. Reglur um felur .....</b>	<b>19</b>
12.1 Handfjötlan á felum.....	19
12.2 Staðsetning á felunum .....	19
12.3 Truflandi lyktir .....	19

12.4 Neikvæðir berarar.....	20
<b>13. Reglur um keppnissvæðið.....</b>	<b>20</b>
13.1 Leitarsvæðið .....	20
13.2 Æfingar á keppnissvæðinu .....	20
13.3 Áður en keppni byrjar.....	20
13.4 Skoðun leitarsvæða.....	21
<b>14. Dæming keppna .....</b>	<b>21</b>
14.1 Keppnishaldari.....	21
14.2 Dómarar.....	21
14.3 Ritari.....	21
14.4 Tímavörður.....	21
14.5 Tímataka.....	22
14.6 Verðlaunun .....	23
14.7 Röng merking.....	24
14.8 Að lyfta hundinum.....	24
14.9 Áhrif á leitarsvæðið .....	24
<b>15. Stigagjöf.....</b>	<b>24</b>
15.1 Stig .....	24
15.2 NW 1 .....	24
15.3 NW2 .....	24
15.4 NW3 .....	25
15.5 NWELIT.....	25
15.6 Tímataka.....	26
15.7 Röng merking.....	26
15.8 Stigagjöf .....	26
15.9 Villur .....	27
<b>16. Villur.....</b>	<b>27</b>
16.1 Flokkur 1 - 1 villa.....	27
16.2 Flokkur 2 - 2 villur .....	27
16.3. Flokkur 3 – 3 villur.....	27
<b>17. Leit stoppuð.....</b>	<b>28</b>
<b>18. Uppröðun í sæti að lokinni keppni.....</b>	<b>28</b>
<b>19. Komast upp um flokk.....</b>	<b>28</b>
<b>20. Að færast niður um flokk .....</b>	<b>28</b>
<b>21. Viðurkenningar og meistaratitlar .....</b>	<b>28</b>
<b>22. Sérstæð viðurkenning.....</b>	<b>29</b>

# 1. Sérstakar reglur fyrir NoseWork

NoseWork fær innblástur frá fíkniefna hundum og áskorunum þeirra í starfi með stjórnendum sínum. Markmiðið með sportinu er að gefa hundinum og eiganda eða stjórnanda hans skemmtilega og aðgengilega afþreyingu í gegnum þefvinnu. NoseWork er byggt á meðfæddum hæfileikum hundsins til þess að nota þefskynið.

Sportið gengur út á að hundurinn á að leita að ákveðinni lykt í ólíku umhverfi þar sem hvert teymi keppir fyrst og fremst við sjálf sig. Með því að lyktarefnið er sett í mismunandi hæð og í umhverfi sem er miserfitt fær hundurinn bæði andlega og líkamlega örvun. Hvorki þarf flókinn né dýran útbúnað til þess að stunda sportið. NoseWork er sport sem allir hundar og hundaeigendur geta tekið þátt í.

Íslenski NoseWork klúbburinn (hér eftir ÍNWK) setur þessar reglur fyrir lyktarpróf og keppni í því skyni að hagsmunir hundsins verði ávallt í fyrirrúmi.

## 2. Almennar reglur fyrir NoseWork

Hundurinn á að vera merktur með annað hvort með örmerki eða tattoo í eyra.

Í keppnum er möguleiki á að merking sé könnuð.

### 2.1 Ábyrgð

Eigandi eða umsjónaraðili hundsins ber ábyrgð á að reglum um hunda sé fylgt í lyktarprófum og keppnum..

Þátttakendur í lyktarprófum og keppnum bera ábyrgð á að hundurinn sé aldrei í þannig aðstæðum að hann geti valdið sjálfum sér eða öðrum skaða. Vistun í bíl, búri, tjaldi eða álíka má ekki undir neinum kringumstæðum vera þannig að hundurinn geti hlotið skaða af.

Bannað er að beita hundinn valdi af nokkru tagi.

Ef hundaeigandi eða umsjónaraðili brýtur þessar reglur skulu starfsmenn keppinnar tilkynna um það til klúbbsins.

ÍNWK og starfsmenn hans bera ekki ábyrgð á tjóni sem eigandi getur orðið fyrir á lyktarprófi eða í keppni. Sama gildir um tjón á hundi meðan á keppni stendur nema ef hægt er að sanna að skaðinn hafi orðið vegna stórvægilegs skipulagsbrests.

### 2.2 Ófyrirsjáanlegar aðstæður (Force majeure)

Skipuleggjanda ber ekki að endurgreiða skráningargjöld ef keppni er aflýst vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

ÍNWK eða tengdir aðilar bera ekki ábyrgð á tjóni eða kostnaði, beinum eða óbeinum, sem hlýst af lyktarprófi eða keppni sem aflýst er. Sá aðili sem tekur ákvörðunina um að fresta keppni ber heldur ekki neina ábyrgð á kostnaði sem að hlýst vegna þeirrar ákvörðunar.

### **2.3 Óleyfileg hegðun**

Hundur sem sýnir af sér árásarhneigð gagnvart fólki eða öðrum dýrum á keppnum, lyktarprófi eða öðrum viðburðum klúbbsins skal tilkynntur til starfsmanns ÍNWK eða klúbbsins sjálfs.

Starfsmönnum á lyktarprófum keppnum ber skylda til að tilkynna ef það koma upp mál af þessu tagi.

Hundi sem hefur verið tilkynnt um skal vísað af svæðinu.

Hundi sem þrisvar hefur verið vísað af keppnissvæði eða úr keppni með vísan til skapgerðar fær ekki að taka þátt í lyktarprófum, keppnum og viðburðum á vegum klúbbsins.

Dómari hefur heimild til að vísa hund úr keppni á grundvelli skapgerðar, telji dómari að hundurinn, með hliðsjón af aðstæðum í viðkomandi prófið, keppni eða viðburði, sýni árásgjarna hegðun eða greinilega flóttahegðun.

Með greinilegri flóttahegðun er átt við að hundur bregðist við með skelfingu og forði sér á óstjórnlegan hátt frá dómara eða starfsmanni þannig að ekki sé unnt að nálgast hundinn á eðlilegan og öruggan hátt.

### **2.4 Smitandi sjúkdómar**

Hundur sem er með smitandi sjúkdóm eða sníkjudýr fær ekki að taka þátt í lyktarprófum og keppnum.

Hundur sem hefur haft parvo, influensu eða álíka sjúkdóma á síðustu mánuðum fær ekki að keppa. Einnig ef hann hefur verið vistaður á sama stað og hundur sem hefur haft ofangreinda sjúkdóma.

Hundur sem sætt hefur sóttkví vegna framangreindra sjúkdóma eða sníkjudýra fær ekki að taka þátt í prófum, keppnum eða viðburðum á vegum klúbbsins fyrr en tveimur mánuðum eftir að sóttkví hefur lokið.

### **2.5 Hvolpafullar tíkur, tíkur með hvolpa og hvolpar**

Óheimilt er að keppa með hvolpafulla tík 30 dögum fyrir got, reiknað frá 63 dögum eftir fyrstu þörun, og er henni jafnframt óheimilt að taka þátt aftur fyrr en 75 dögum eftir got.

Við útreikning dagafjölda telst fyrsti dagur vera fyrsti dagur eftir þörun eða got.

## 2.6 Lyfjanotkun

Hundur sem er verkjaður, veikur eða slasaður má ekki taka þátt í lyktarprófum eða keppnum á vegum Íslenska NoseWork klúbbsins þegar það getur haft áhrif á frammistöðu hans.

## 3. Skilyrði fyrir þátttöku í prófum og keppnum

### 3.1 Hundurinn:

Próf og keppnir í NoseWork eru opnar öllum hundum svo fremur að:

- Hundurinn sé 10 mánaða í síðasta lagi daginn fyrir lyktarpróf.
- Hundurinn sé orðinn 12 mánaða í síðasta lagi daginn fyrir keppni.
- Teymið hafi viðurkennda pappíra um að mega keppa í þeim flokki.
- Lóðatíku er velkomið að taka þátt í lyktarprófum og keppnum en tík sem lóðar skal alltaf hafa bleyju á keppnisstað.

### 3.2 Stjórnandi

- Lágmarksaldur stjórnenda er 10 ár.
- Þarf að þekkja til reglna Íslenska NoseWork klúbbsins.
- Stjórnandi má ekki hafa verið dæmdur fyrir dýranið.
- Stjórnandi sem hefur skerta hreyfigetu má hafa aðstoðarmann með sér í leit svo lengi sem stjórnandinn sér um að stýra aðstoðarmanneskjunni alfarið.
- Stjórnanda bera að upplýsa dómara um skerta hreyfigetu sína við skráningu í keppni þannig að hægt verði að taka tillit til hennar við uppsetningu leitarsvæða.
- Stjórnandi ber ábyrgð á öryggi hunds allan tímann sem þeir eru á keppnissvæði.
- Stjórnandi má einungis keppa með einn hund í hverri keppni.

### 3.3 Frávísun og útilokun teymis frá keppnum og prófum

Dómari/móthaldari má vísa teymi úr keppni ef að þess þykir þörf í þeim tilfellum þegar:

- Stjórnandi notar óleyfilegan hjálparbúnað eins og t.d. smeller á keppnissvæði.
- Stjórnandi brýtur reglur eða fylgir ekki leiðbeiningum.
- Stjórnandi truflar eða hegðar sér illa á annan hátt.
- Stjórnandi sýnir af sér óæskilega hegðun.
- Hundurinn sýnir af sér óæskilega hegðun.

Keppanda er óheimilt að upplýsa aðra stjórnendur um staðsetningu á felum. Stjórnandi sem lætur annan keppanda vita hvar felan er dæmdur úr leik

Stjórnandi sem fær að vita hvar felan er verður að tilkynna það um leið til dómara eða prófstjóra.

Skráningargjöld eru ekki endurgreidd ef að eigandi eða hundi er frávísað frá prófi eða keppni.

### 3.4 Skráning og skráningargjöld

Skráning í lyktarpróf og keppnir á vegum ÍNWK í þurfa að fara eftir leiðbeiningum klúbbsins

og þáttökugjöld eru ákveðin af ÍNWK.

Skráning í keppnir fer eingöngu fram á [www.minarsidur.inwk.is](http://www.minarsidur.inwk.is)

Keppnishaldari hefur rétt á að takmarka fjölda þátttakenda í prófi og keppni.

Þegar hámarksfjöldi keppenda er náð í keppni eru þeir aðilar sem skrá sig eftir að hámarki er náð skráðir á biðlista. Ef pláss losnar í keppni er því teymi sem skráð er fyrst á biðlista úthlutað fyrst plássi o.s.frv.

Skráning og þáttökugjald þarf að berst áður en skráningarfrestur rennur út. Ef skráning er röng eða gjöld ekki greidd innan tímamarka hefur keppnishaldari rétt á að ógilda skráninguna.

Keppnishaldari getur heimilað skráningu í keppnina eftir að frestur til skráningar rennur út.

### 3.5 Endurgreiðsla þáttökugjalda

Þáttökugjald skal endurgreiða ef:

- Hundur hefur veikst, slasast eða látist fyrir keppnisdag og vottorði þar um er framvísað.
- Eigandi hundsins hefur veikst, slasast eða látist fyrir keppnisdag og vottorði þar um er framvísað.
- Eigandi óskar eftir að hætta við þáttöku vegna lóðandi tíkur.
- Teymi hefur ekki lengur rétt á að keppa í viðkomandi flokki þar sem það hefur flutst upp um flokk.

ÍNWK getur tekið ákvörðun um endurgreiðslu vegna veikinda eða slyss þó svo að vottorði hafi ekki verið framvísað.

## 4. Andmælaréttur í lyktarprófi eða keppni

Stjórnandi hundsins hefur rétt til þess að andmæla framkvæmd lyktarprófs eða keppnar. Ekki er hægt að andmæla úrskurði dómara.

Úrslit geta aðeins breyst í eftirfarandi tilvikum:

- Ef tæknileg mistök hafa verið gerð, t.d. ef hundur hefur tekið þátt í röngum flokki.
- Ef hundur hefur ekki átt rétt til þáttöku samkvæmt settum reglum.

Andmæli skulu lögð fram munnlega í síðasta lagi fimm mínútum eftir síðasta start í þeim flokki sem um ræðir og skrifleg andmæli skal leggja fram til keppnishaldara í síðasta lagi 30 mínútum eftir að keppni lýkur í umræddum flokki.

Andmælin skulu sett í ferli af keppnishaldara og skulu afgreidd áður en keppni eða prófi lýkur þann daginn.

Frávísun andmæla skal rökstyðja skriflega. Andmælandi hefur þá viku til að óska skriflega eftir að stjórn ÍNWK fjalli um málið.

## 5. Rásröð

Rásröð á keppni er alltaf dregin af keppnishaldara og er aðeins dregin á milli teyma með fullkláraða skráningu. Keppnishaldari getur annað hvort notast við röðun keppenda í forriti sem heldur utan um skráningar og keppnisárangur eða handdregið og raðað rásröð þannig.

Tíkur sem eru að lóða eru alltaf seinastar í röðinni.

## 6. Útbúnaður hunds

Hundur sem keppir á að hafa beisli eða venjulega hálsól, bæði í lyktarprófi og á leitarsvæðum í keppnum.

Hálsól með hengingu, múl og beisli sem skerða hreyfingu við álag eru ekki leyfð.

Hundurinn skal leita í taum (ekki teygjutaum), sporlínu eða flexिताum ef ekkert annað er ákveðið.

Undanþága er fyrir umsjónaraðila vegna hreyfihömlunar sem geta ekki haft sinn hund í taum.

Allur útbúnaður sem er fyrir öryggi hundsins er leyfður.

Heimilt er að hafa hund sem er að keppa í fatnaði þegar aðstæður eru til, t.d. þegar kalt er í veðri eða mikil rigning. Fatnaður skal þó hvorki þrengja of mikið að hundinum né dragast eftir leitarsvæðum.

Á keppnissvæði skal hundur vera mest í tveggja metra taum. Engar takmarkanir eru á lengd taums þegar hundur er á leitarsvæði.

Hundur má vera í hundableyju, en ef hann sýnir tilburði við að gera þarfir sínar er það skráð sem villa.

## 7. Myndatökur

Ekki leyfilegt að mynda eða taka upp teymi án leyfi frá prófstjóra/dómara.

Stjórnandi skal tilkynna prófstjóra ásamt dómara áður en teymið byrjar ef hann vil ekki vera myndaður eða tekinn upp á myndband.

## 8. Áhorfendur

Umsjónaraðili keppni ákveður hvort og hvar áhorfendur eru leyfðir

Áhorfendur eiga að vera hljóðlátir og hundlausir á þeim stöðum sem leit fer fram.

Dómari hefur rétt á að banna áhorfendur við ákveðnar leitir ef þarf.

Ef umsjónaraðili keppni leyfir mega þeir keppendur sem lokið hafa keppni horfa á leitir.

## 9. Lyktarpróf

Áður en teymi er leyft að keppa í NoseWork þarf teymið að hafa náð viðurkenndu lyktarprófi fyrir þann flokk.

Lyktarpróf er notað til að sýna fram á að hundur þekki lyktina sem hann á að leita af. Lyktarpróf er einnig til að stjórnandi hunds geti sýnt fram á að hann getur séð þegar hundurinn merkir.

Lyktarpróf er gildir eingöngu fyrir hvert teymi, þ.e. aðeins fyrir þennan tiltekna stjórnanda og hund sem að klára lyktarpróf sama,

Lyktarprófgildir út ævi hundsins.

Sama stjórnanda er heimilt að taka lyktarpróf með fleiri en einum hundi í sama lyktarprófi en dómara er þá skylt að færa það ílát sem inniheldur lyktina.

Lyktarpróf stendur af 12 ílátum þar sem að eitt inniheldur lyktina sem leitað er af í formi hydrolats.

Teymið á að geta borið kennsl á rétt ílát innan 3 mínútur.

Lyktarpróf má halda innanhúss eða utanhúss.

Þau hydrolats sem notast í lyktarprófi eru

- NW1: Eukalyptus
- NW2: Lárviðarlauf
- NW3: Lavender

### 9.1 Lyktarprófssvæði

Bannað er að vera með eigin lykt á prófssvæðinu.

Hydrolat má ekki vera á prófssvæðinu nema það sem er notað af dómara.

“Smeller” eða önnur leit á prófssvæðinu er bönnuð á þeim tíma sem prófið fer fram og varðar frávísun frá prófi eða keppni ef stjórnandi verður uppvís af notkun slíks.

### 9.2 Smit á leitarsvæði

Stjórnandi er óheimilt að snerta ílát á leitarsvæði.

### 9.3 Meðhöndlun á felum

Á lyktarprófi skal notast eyrnapinni og/eða filt sem bera fyrir hydrolat.

Einn til tveir dropar af hydrolat er sett í bera rétt áður en lyktarpróf hefst.

Bera er skipt út að minnsta kosti á fjögurra tíma fresti. Prófstjóri ber ábyrgð á því að skipta út beranum.

Aðeins prófstjóri má handfjatla lykt á lyktarprófi.

## 9.4 Ílát

Þau ílát sem notuð eru við lyktarpróf eru alltaf úr pappa. Allir eiga að vera eins, nýir og lausir við truflandi lykt.

Leiðbeinandi stærð fyrir kassa á lyktarprófi eru minnst 10x20x30 cm. Frávik upp á 5 cm eru leyfileg.

Fjarlægð á milli kassa á að vera u.þ.b. 120 cm frá kanti í kant og til veggja eða hindrana einnig að startlínu.

Kassarnir skulu raðast í eina röð eða tvær raðir með sex kössum í hvorri (sjá mynd á bls. 12).

Allir kassar eiga að vera lokaðir í prófinu.

Hundurinn á ekki að geta fengið að komast í beina snertingu við feluna.

Ef að einn eða fleiri kassar skemmast í lyktarprófinu skal skipta ónýtu kössunum út ásamt blöndu af öðrum kössum. Það á einnig við mikið slef far.

## 9.5 Staðsetning á felu

Ílátið sem hydrolatið er í á að vera á sama stað allt lyktarprófið nema óhjákvæmilega þurfi að færa það. Þegar að felunni er skipt út getur prófstjóri ákveðið að færa ílátið á annan stað. Ílát sem að inniheldur feluna fær líka að skipta um stað á milli þess sem þátttakendur gera ef að prófstjóri sér þörf á því, til dæmis þegar að sami stjórnandi tekur lyktarpróf með fleiri en einn hund eða við grun um að stjórnandi hafi verið látinn vita að staðsetningu felunnar.

Þegar allir þátttakendur hafa tekið sitt lyktarpróf í þeim flokki er fyrst heimilt að skipta yfir í nýja lykt..

Ef möguleiki er til staðar á að nota nýtt svæði til að komast hjá því að stjórnandi segir merkt þar sem að fyrri ílát með felu fannst.

Prófstjóri á að vera vökull yfir því að ef að stjórnandi segir merkt á stað sem að ílátið með felunni fannst áður. Ef það gerist þá skal hann tilkynna stjórnanda um að felan fannst þar áður. Teymið fær þar á eftir að halda áfram leit.

## 9.6 Lyktartruflun í lyktarprófi

Í lyktarprófi fyrir NW2 og NW3 verða að vera minnsta kosti tvær ólíkar truflandi lyktir sem að skulu settar að lágmarki í sex ílát sem að ekki hafa feluna. Tilgangurinn með að hafa

lyktartruflanir er að tryggja að hundurinn láti vita af lyktinni af hydrolatinu og sé ekki bara að að fara eftir frávikum í einu ílátinu.

Lyktir sem eru leyfðar sem truflun eru nefndar í kaflanum fyrir umsjár aðila lyktarprófa.

### **9.7 Neikvæður beri**

Neikvæður beri er beri án hydrolats. Öll ílát fyrir utan það með hydrolatinu skulu hafa neikvæðan bera.


### **9.8 Auka þyngd í ílátin**

Leyfilegt er að nota þyngingar í ílátin en þau verða að vera eins í öllum ílátum og ekki bera sérstaka truflandi lykt eins og t.d sandur eða steinar.


### **9.9 Uppröðun lyktarprófs**

Lyktarpróf skulu vera sett upp eins og gert er á mynd á bls. 12.

Alternativ A



Alternativ B



Avståndet mellan kartongerna bör vara 120 från kant till kant och 120 cm mellan startlinjen och första kartongen samt eventuellt omkringliggande väggar.

Det ska tydligt framgå var startlinjen är.

Mynd 1 Upprödan lyktarpröfs

## 9.10 Dómari á lyktarprófi

Dómari á lyktarprófi þarf að vera meðlimur í ÍNWK og hafa lokið viðurkenndri menntun.

Dómarinn ber ábyrgð á að kanna hvort þátttakendur hafi rétt á að taka þátt í prófinu á prófdag.

Dómarinn ákveður hvar ílátin eiga að vera og í hverju lyktin sé, einnig hvar truflunar lyktir séu eigi það við.

Það er dómarinn sem ákveður hvort þátttakendur fái að leita án taums í prófinu.

Dómarinn má ekki dæma hund sem hann hefur átt, þjálfað, haft á námskeiði, hýst eða handlað í keppni eða sýningum, nema hlutlaus aðili sjái um tímatöku,

## 9.11 Aðili sem heldur lyktarpróf

Sá aðili sem heldur lyktarpróf þarf að vera meðlimur í ÍNWK.

ÍNWK stendur fyrir að öll eyðublöð sem þarf, finnist til taks. Lyktarprófshaldarinn ber ábyrgð á að það efni og útbúnaður sem þarf sé til taks á prófdag.

Hann skal sjá til að tímatöku búnaður finnist til staðar og að aðili til tímatöku sé aðgengilegur óski dómarinn eftir því.

## 9.12 Dæming lyktarprófs

### 9.12.1 Tímataka

Til að fá staðfest lyktarpróf þarf teymið að ná að að staðsetja rétt ílát á innan við þremur mínútum.

Tíminn byrjar þegar hundur eða stjórnandi fer yfir línuna.

Teymið hefur 10 sekúndur til að fara af stað, sá sem sér um tímatöku lætur vita þegar það eru 30 sek eftir af tímanum.

### 9.12.2 Útfærsla

Teymið fær að fara fram og til baka með fram ílátunum eins oft og það vill á þeim þremur mínútum sem það hefur til að staðsetja í hvaða íláti lyktin er.

Stjórnandi fær að benda hundinum á að leita ílátin eins oft og hann vill á þeim þremur mínútum sem þeir hafa.

Þegar stjórnanda finnst að hundurinn sé búinn að finna feluna þá segir hann greinilega “hér”. Þegar hann hefur sagt “hér” þá stoppar tíminn. Dómarinn segir þá hvort það sé rétt eða rangt.

Stjórnandi á að geta sýnt hvar hundurinn benti á rétt ílát ef dómari óskar þess.

### 9.12.3 Úrslit

Þegar stjórnandi hefur fengið staðfest að hundurinn hafi bent á rétt ílát hefur hann fengið staðfest lyktarpróf og prófi er lokið.

Þær mögulegu villur sem hundurinn gerir eftir að dómari hefur tilkynnt að hann hafi fundið rétt eru ekki taldar með í niðurstöðu prófsins.

### 9.12.4 Verðlaunun hunds

Stjórnandi fær að verðlauna hundinum í prófi, ef hundurinn finnur ekki feluna innan tímamarka eða umsjónarmaður segir “hér” við vitlaust ílát þá fær hann að vita hvar felan er svo hann geti verðlaunað hundinum á réttum stað.

Verðlaunin skulu gefin hundinum svo að það smiti ekki feluna.

### 9.12.5 Óstaðist lyktarpróf

Teymið stenst ekki lyktarpróf ef að:

- Stjórnandi segir “hér” við vitlaust ílát.
- Stjórnandi segir “hér” og hundurinn er við vitlaust ílát.
- Stjórnandi giskar á ílát án þess að hundurinn hafi sýnt nokkur merki um að þekkja lyktina.
- Hundurinn gerir þarfir sínar í prófinu.
- Stjórnandi hreyfir við íláti.
- Hundurinn eyðileggur ílát með ásetningi.

Hundurinn má setja loppu á eða ýta við ílátinu til með nefinu í lyktarprófinu. Ef hundurinn bítur í, krefsar harkalega eða rífur ílátið þá hefur hann lokið þátttöku án þess að geta staðist prófið.

Dómari má stoppa lyktarpróf ef að það er greinilegt að hundurinn veit ekki hvað hann á að gera eða ef það er hætt á að hann skaði sig.

Ef að teymi hefur tekið lyktarpróf án þess að ná þá þarf það að bíða minnst fram á næsta dag áður en það fær að reyna aftur lyktarpróf með sama hydrolat.

## 10. Keppnisflokkar

NoseWork skiptist í þrjú keppnisflokkar með auknu erfiðleikastigi: NW1, NW2, NW3 og NWELIT hver flokkur stendur af fjórum ólíkum keppnisþáttum; innanhúsleit, utanhúsleit, farartækjaleit og ílátaleit.

Stærð á leitarsvæði hefur minni þýðingu fyrir erfiðleikastig en fjöldi húsgagna og veðurfar.

Fyrir hvern flokk kemur ný lykt og áður en teymi fær að keppa þarf það af hafa staðist lyktarpróf í þeirri lykt/lyktum sem tilheyrja þeim flokki sem skal keppa í. Í NWELIT eru sömu lyktir og í NW3 sjá mynd.

Í öllum flokkum geta verið náttúrulegar lyktartruflanir, í NW2 og NW3 geta fundist blandaðar lyktir og vísvitandi lögð lyktartruflun. Í NW3 getur verið tomt leitarsvæði.

### 10.1 Lyktir sem fyrirkoma í NoseWork:

Lykt	NW1	NW2	NW3
Eukalyptus	Já	Já	Já
Lárviðarlauf	Nei	Já	Já
Lavender	Nei	Nei	Já
Blandaðar lyktir**	Nei	Já***	Já****
Truflandi lyktir	Nei	Já	Já
Náttúrulegar truflandi lyktir	Já*	Já*	Já*

\*Ekkert hægt að gera í

\*\*tveir berar í sömu felu

\*\*\*Bæði Euk og Lár í sömu felu

\*\*\*\*Allar mögulegar útgáfur af euk, lár og lav

### 10.2 Keppnisform

Í NoseWork finnst keppnisformið KÖM, þ.e. keppni í öllum momentum. Til að reiknast sem keppni þarf að keppa í öllum fjórum momentum sama daginn.

Fyrir skipuleggjendur sem hafa ekki aðgang að svæði sem hægt er að hafa öll moment finnst keppnisformið KEM keppni í einstöku momentum þar sem keppt er fjórum sinnum í sama momentum.

Til að teljast sem keppni þá þurfa allar fjórar leitirnar að vera sama daginn.

Keppnisreglur og skipulag er það sama og í KÖM.

NWELIT er keppnisgrein sem inniheldur mörg móment í sama leitarsvæðinu og notast við sömu lyktir og NW3

## 11. Reglur fyrir keppni

### 11.1 Prófhundur

Alltaf skall nota minnst einn hund til að sjá hvernig lyktin dreifir sér og til að "smala" leitarsvæðið.

### 11.2 Forskoðun leitarsvæðis

Áður en að keppni hefst í NW1-NW3 verður að hafa forskoðun á leitarsvæðunum. Sú skoðun er án hunds.

Meðan á skoðun stendur lætur dómari vita hver hámarks tíminn er í hverri leit og hvernig leitarsvæðið er. Keppendur eiga að geta séð allt leitarsvæðið á meðan skoðun stendur.

Forskoðun má vera með myndum eða með upptöku.

### 11.3 Keppnisþættir

#### 11.3.1 Ílátaleit

Keppnisþátturinn felur í sér að teymið leitar í gegnum ílát af breytilegri gerð. Keppnisþáttinn er hægt að halda innanhúss og utanhúss. Ílátin geta verið af ólíkum stærðum og lögun.

Til að hlutur geti talist ílát þá þarf það að geta haldið bera með hydrolati án þess að hundurinn geti komist að honum og að geta lokast. Ef að ílátið er alveg þétt þá verður að gera loftgöt á þau.

Ílát sem að geta skaðað hundinn eru ekki leyfileg t.d. gler og postulín.

Ekki er þörf á því að pappakassar séu nýir en þeir mega ekki hafa innihaldið hydrolat eða vera smitaðir af lykt af því sem þeir innihéldu, t.d. matvæli.

Ílátunum er dreift um gólfíð/jörðina af dómara og þurfa að vera minnst 12 stykki.

Hluti af ílátunum þarf að hafa neikvæða bera í keppnum.

Hundurinn þarf að geta þefað af öllum á þeim tíma sem honum er gefinn til að framkvæma leitina.

Ef hundur eyðileggur ílát eða ef umsjónaraðili snertir ílát þá þarf að skipta því út ásamt nokkrum öðrum áður en næsti teymi fær að leita.

Heimilt er setja þyngingar í ílátin virki þau of óstöðug t.d. út af vind. Þyngingar verða að vera úr efni sem tekur ekki í sig lykt.

Í ílátaleit er bara eitt leitarsvæði í öllum flokkum.

## NW1

Aðeins ein fela og ílátin verða að vera pappakassar en mega vera af öllum stærðum og gerðum. Engin plönuð truflandi lykt fær að finnast á leitarsvæðinu.

## NW2

Ein eða tvær felur geta verið í hverri leit. Allar gerðir af ílátum mega vera notuð t.d. ferðatöskur, málingarfötur, flöskur, dollur.

Blandaðar lyktir og plönuð truflandi lykt getur fundist á leitarsvæðinu.

## NW3

0 til 3 felur geta verið í hverri leit, Blandaðar felur og plönuð truflandi lykt getur fundist á leitarsvæðinu.

Aðeins eitt leitarsvæði má vera tóm

### 11.3.2 Innanhúsleit

Keppnisþátturinn felur í sér að teymið á að leita í ólíkum innanhúss aðstæðum. Allar gerðir herbergja geta verið leitarsvæði. Eitt leitarsvæði getur verið tvö samliggjandi herbergi t.d. svefnherbergi með baði.

Það á að vera mögulegt fyrir hundinn að leita í öllu svæðinu á þeim tíma sem honum er gefinn.

Staður sem hundar vistast daglega svo sem hundahótel eða hundaæfingasvæði skulu helst ekki vera notuð undir keppni ef maður getur sloppið við það.

## NW1

Einungis ein fela fær að vera á leitarsvæðinu. Engar meðvitnar truflandi lyktir mega vera á svæðinu. Hámarks hæð 120 cm en allir hundar verða að geta komist að felunni.

## NW2

Ein eða tvær felur fá að vera á einu eða tveimur leitarsvæðum. Ef innanhúsleitin samanstendur af tveimur leitarsvæðum þá skal vera fela í báðum svæðum. Ef það er bara eitt leitarsvæði þá geta báðar felurnar verið á sama svæði. Blandaðar felur og meðvitnar truflandi lyktir geta verið. Hámarks hæð á felu er 140 cm og 1 metri á bak við hluti

## NW3

Núll til þrjár felur geta verið á einu til þremur leitarsvæðum. Mest fær að vera þrjár felur á einu leitarsvæði. Aðeins eitt af þessum svæðum fær að vera tóm leit. Blandaðar felur og meðvitandi lagðar truflandi lyktir fá að fyrirkoma.

Hámarks hæð er 180 cm og einn metri á bak við hluti

### 11.3.3 Utanhússleit

Keppnisþátturinn stendur af að teymið á að leita á mismunandi utanhúss umhverfi. Í utanhússleit finnast alltaf náttúrulegar truflandi lyktir. Teymið má fara út fyrir leitarsvæðið á meðan leit stendur til dæmis til að nýta vindáttina.

Hundurinn á alltaf að geta leitað í gegnum allt svæðið á þeim tíma sem er uppgefinn fyrir leitina.

Utanhússleit getur verið framkvæmt í ólíku veðurfari og hitastigi en ef það er aftakaveður þá hefur dómari rétt til að stoppa keppnina.

#### NW1

Aðeins ein fela og engar meðvitað lagðar truflandi lyktir. Hámarks hæð 120 cm en allir hundar þurfa að geta komist að felunni.

#### NW2

Ein eða tvær felur. Blandaðar lyktir og plönuð truflandi lykt getur fundist á leitarsvæðinu. Hámarkshæð 140 cm og 1 metri á bak við hluti

#### NW3

0 til 3 felur geta verið í hverri leit, Blandaðar felur og plönuð truflandi lykt getur fundist á leitarsvæðinu. Aðeins eitt leitarsvæði má vera tóm leit  
Hámarks hæð 180 cm og einn metri á bak við hluti

### 11.3.4 Farartækjaleit

Keppnisþátturinn felst í því að teymin leita á ytra byrgði farartækja þar sem allar hliðar verða að vera aðgengilegar og teknar með í leitinni. Leitarsvæðið getur verið bæði innan og utanhúss.

Dómarinn ákveður hvaða farartæki munu verða notuð og staðsetningu þeirra.

Lengd á milli farartækja skal vera minnst 1,5 metrar.

Farartækin þurfa að vera stöðug og örugg fyrir hundinn.

Farartæki teljast hjálpartæki til flutninga á manneskjum eða vörum, t.d. fólksbíl, vörubíll, vinnuvélar, eftirvagn eða kerra.

Skilgreining á fólksbíl. Sedan- eða station bílar og bílar af gerðinni „caddy“ flokkast sem fólksbílar. Þessi ökutæki teljast í keppnum til fólksbíla jafnvel þó þeir séu skráðir sem léttir vörubílar. Önnur farartæki teljast ekki sem fólksbílar jafnvel þótt þeir séu skráðir sem fólksbílar.

Við leit á fólksbílum þá má hundurinn ekki fara undir bílinn eða setja loppur á annað en dekkinn. Við notkun á öðrum farartækjum þá má hundurinn setja loppur á allt farartækið.

Dómarinn tilkynnir hvað má og hvað má ekki við kynninguna af brautinni áður en keppni hefst.

Hundurinn þarf að geta leitað á öllum farartækjum á þeim tíma sem gefinn í leitina.

#### NW1

Aðeins ein fela, leitað er á einu til þremur farartækjum. Engin plönuð truflandi lykt fær að finnast á leitarsvæðinu. Hámarks hæð á felu er 80 cm.

## NW2

Ein eða tvær felur fá að vera, leitin er á tveimur til fjórum farratakjum. Blandaðar lyktir og plönuð truflandi lykt getur fundist á leitarsvæðinu. Hámarks hæð á felu er 80 cm.

## NW3

Núll til þrjár felur, leitað er á þremur til fimm farartækjum. Blandaðar felur og plönuð truflandi lykt getur fundist á leitarsvæðinu. Hámarks hæð á felu 80 cm.

## 12. Reglur um felur

### 12.1 Handfjötlan á felum

Nota skal bómullar eyrnapinna eða fílt undir stóla sem beri af hydrolat.

Einn til tveir dropar af Hydrolat er sett í berann 20 mínútum áður en keppni hefst og áfylling eða skipt um felu eftir hverjar fjórar klukkustundir í keppni eða fyrir ef dómara finnst þörf á því.

Aðeins dómari fær að meðhöndla lyktina á meðan keppni stendur.

Ef að felan er blönduð fela þá á alltaf að vera sitthvor berinn fyrir lyktina. Báðir berarnir geta samt verið í sama íláti.

Til að minka líkur á smiti á leitarsvæðinu þá má nota ílát undir berann, t.d. litlar málm eða gler krukkur, sogrör eða segulklemmu. Ef notast er við ílát undir bera skal það hannað þannig að það hleypir lykt í gegn.

### 12.2 Staðsetning á felunum

Felurnar skulu alltaf vera staðsettar svo að hundurinn geti ekki tekið þær. Í flokkum með fleiri en einni felu þá mega felurnar ekki vera minna en 50 cm frá hver annarri

#### NW1

Felan má vera staðsett hæst í 120 cm hæð. Felan skal vera þannig staðsett að allir hundar geti tekið sig alla leiðina að henni. Hún má vera staðsett þannig að hundurinn geti með hjálp af umhverfinu tekið sig alla leið að henni t.d. klifra upp á stól, bekk eða pall.

#### NW2

Felan má vera mest í 140 cm hæð. Felan má vera staðsett svo að hundurinn kemst ekki alla leið að henni.

#### NW3

Felan fær að vera hæst í 180 cm hæð og þannig að hundurinn komist ekki alla leið að henni.

### 12.3 Truflandi lyktir

Útlagðar truflandi lyktir eiga að vera þannig að hundurinn komist ekki að þeim.

Útlögð truflandi lykt á að vera minnst 120 cm frá felu.

Leyfilegar truflandi lyktir eru: græn sápa, ólífuolía, kókosolía, kúmen og brenndur birki viðarbútur sem er 2x2 cm.

## **12.4 Neikvæðir berarar**

Neikvæðir berarar mega bara notast í ílátaleit.

# **13. Reglur um keppnissvæðið**

## **13.1 Leitarsvæðið**

Keppnishaldarinn ber ábyrgð á að keppnissvæðin séu úr augnsýn frá öðrum keppendum.

Tvö svæði mega vera hlið við hlið með sama aðstoðarfólki svo lengi sem teymið gerir leitirnar hvora á eftir annarri.

Keppnissvæðið á að vera merkt með plastborða, keilum eða með álíka hætti.

Keppnissvæði má flytjast ef dómariinn telur það nauðsynlegt. Í þeim tilvikum þá ákveður dómari hvort þeir sem eru búnir að klára leit á svæðinu fái að halda sínum úrslitum eða hvort allir þurfi að gera leit aftur.

Keppnishaldarinn má gera sérstakt æfingasvæði á keppnissvæðinu þar sem keppendur geta æft á milli mómenta. Keppnishaldarinn ber ábyrgð á felunni á æfingasvæðinu.

Æfingasvæðið skal vera á þannig stað að það sé nánast engin hætta á að það valdi smiti á keppnissvæðunum.

## **13.2 Æfingar á keppnissvæðinu**

Æfing á mótsstað er ekki leyft eftir að keppendur hafa fengið að sjá keppnissvæðin.

Á keppnissvæðum má ekki hafa verið keppni eða æfing með keppnislyktirnar innan við 30 dögum fyrir keppnisdag.

Aðrir en dómari og keppnishaldari fá ekki að nota hydrolat á keppnissvæðinu. Leitaræfingar á keppnissvæðinu aðrar en þær sem keppnishaldarinn stendur fyrir eru ekki leyfðar.

Svo kallaður "smeller" er ekki leyfður á keppnisstað.

## **13.3 Áður en keppni byrjar**

Að minnsta kosti eitt teymi þarf að prófa dreifingu frá felunum fyrir keppni. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar notaðar eru háar felur.

### **13.4 Skoðun leitarsvæða**

Áður en keppni hefst þá á að skoða leitarsvæðinu með dómara þar sem svæðin eru útskýrð, hugsanleg frávík á reglum og hvaða hættur geta leynist á svæðinu. Þetta er gert án hunds.

Í NW2 segir dómari hve margar felur eru á hverju leitarsvæði.

## **14. Dæming keppna**

### **14.1 Keppnishaldari**

Keppnishaldari sér um að framkvæmd keppinnar er í samræmi við reglur félagsins. Keppnishaldara er óheimilt keppa á keppni sem hann heldur sjálfur.

### **14.2 Dómarar**

Einungis dómurum sem viðurkenndir eru af ÍNWK er heimilt að dæma keppnir á vegum klúbbsins.

Dómara er heimilt að dæma allt að 100 leitir á dag í NW1. Í NW2 er dómara heimilt að dæma allt að 80 leitir á dag og 48 leitir í NW3. Í NWELITE er dómara heimilt að dæma allt að 10 hunda á dag.

Dómari ákvarðar stærð leitarsvæða, hámarksleitartíma, fjölda og staðsetningu lyktarfela, truflandi lykiri og staðsetningu þeirra.

Það er á ábyrgð dómara að aðlaga erfiðleikastig leitarinnar að aðstæðum og kröfum hvers keppnisflokks fyrir sig.

Dómari ákveður, að ósk stjórnanda, hvort einstökum stjórnendum sé heimilt að leita með lausan hund, jafnvel þótt almenna reglan sé sú að hundurinn verði að vera í taumi á leitarsvæðum.

Dómari skal, ef stjórandi óskar þess, veita munnlega endurgjöf að lokinni leit á leitarsvæði.

Dómari skal veita skriflega endurgjöf fyrir hverja lokna leit.

### **14.3 Ritari**

Heldur utan um dómarskýrslurnar.

Ritarinn er óheimilt að keppa á keppni sem hann vinnur við.

Sami ritari skal vera alla keppnina.

### **14.4 Tímavörður**

Hver dómari á að vera með tímavörð sem sér um að fylgjast með hve mikið sé eftir af tímanum og hvenær tíminn sé búinn. Dómari á að vera með sama tímavörð alla keppnina.

Tímavörður ber ábyrgð á því að segja til þegar 30 sek eru eftir í NW1-3 og að hann hafi stoppað tímann þegar að stjórnandinn segir "hér" eða "búinn".

Dómarinn getur leiðrétt tímann ef að hann telur það vera nauðsynlegt t.d. ef að tímavörðurinn heyrði ekki þegar stjórnandinn sagði "hér" eða "búinn".

Sami tímavörður skal vera alla keppnina.

## **14.5 Tímataka**

Hvert leitarsvæði fær tíma sem er frá einni til fimm mínútna. Við sérstakar aðstæður getur leitarsvæði fengið úthlutað lengri tíma.

Tíminn fyrir hvert leitarsvæði er ákveðinn af dómaraum áður en keppni hefst.

Dómarinn getur gefið einstaka teymi lengri tíma vegna hreyfihömlunar.

Keppnishaldari getur beðið dómara um að breyta tíma fyrir leit.

Tímataka byrjar þegar hundurinn eða stjórnandi fer yfir merкта starlínu.

Sá sem sér um tímatöku lætur stjórnanda vita þegar það eru 30 sek eftir af tímanum. Stjórnandi getur óskað eftir því að fá ekki að vita þegar 30 sek eru eftir af leitartíma og skal hann tilkynna dómara um slíkt.

### **NW1**

Þegar stjórnandanum telur að hundurinn hafi fundið feluna þá tilkynnir hann dómaraum það með því að segja skýrt "hér". Þegar stjórnandinn segir „hér“ þá er tíminn stoppaður. Ef það er ekki rétt fær teymið skráðan hámarks tíma fyrir leitarsvæðið en fær að halda áfram á næsta leitarsvæði.

### **NW2**

Stjórnandinn fær að vita hve margar felurnar eru við skoðun leitarsvæða. Þegar stjórnandinn telur að hundurinn hafi fundið felu þá tilkynnir hann dómaraum það með því að segja skýrt "hér". Dómarinn segir til um hvort það var rétt og ef það var rétt þá má stjórnandinn verðlauna hundinn og halda áfram leit.

Tíminn er stoppaður þegar stjórnandinn segir "búinn" ef stjórnandinn segir ekki "búinn" áður en tíminn rennur út þá fær teymið hámarks tíma og fær að halda þeim stigum sem þau hafa safnað í leitinni. Ef stjórnandinn fer út af leitarsvæði án þess að segja „búinn“ eftir að hafa fundið alla felur þá fær teymið skráðan hámarks tíma.

Stjórnandinn má segja "búinn" áður en hann finnur allar felurnar. Teymið fær þá að halda þeim stigum sem það hefur safnað í leitinni og tíminn þar sem leitinn var stöðvuð er skráður á dómarskýrsluna.

Engin stig eru gefin fyrir að segja "búinn,"

### **NW3**

Stjórnandinn fær ekki að vita fjölda fela fyrir leitina. Þegar stjórnandinn telur að hundurinn hafi fundið felu þá tilkynnir hann dómaraum það með því að segja skýrt "hér". Dómarinn segir til

um hvort það var rétt og ef það var rétt þá má stjórnandinn verðlauna hundinn og halda áfram leit.

Í NW3 geta verið tóm leit. Tíminn stoppar þegar stjórnandinn segir “búinn”. Stjórnandinn segir búinn þegar stjórnandinn heldur að hundurinn hafi fundið alla felurnar eða þegar hundurinn hefur leitað í gegnum svæðið/ílátin án þess að finna neina felu.

Ef stjórnandinn segir ekki “búinn” áður en tíminn rennur út þá fær teymið hámarkstíma. Teymið fær að halda stigunum sem það hefur safnað sér inn á leitarsvæðinu. Ef stjórnandi fer út af leitarsvæðinu eftir að hafa fundið síðustu felu án þess að segja búinn þá fær teymið skráðan hámarks tíma

Stjórnandinn má segja “búinn” áður en hann finnur allar felurnar. Teymið fær þá að halda þeim stigum sem það hefur safnað í leitinni og tíminn þar sem leit var stöðvuð er skráður á dómaraskýrsluna.

Stig eru eingöngu gefin fyrir að segja “búinn” ef að teymið hefur fundið allar felur á leitarsvæðinu.

Í NW3 innanhúsleit þá geta verið allt að 3 leitarsvæði. Þegar stjórnandinn telur að hundurinn hafi fundið allar felur í einu herbergi þá segir hann “búinn” og fær eftir leiðbeiningum dómara að færa sig yfir í næsta herbergi og halda áfram leit. Ef leit samanstendur af mörgum leitarsvæðum setur tímavörður tímann á pásu eftir að stjórnandi segir “búinn” þar til leit heldur áfram á næsta leitarsvæði. Tíminn er stöðvaður þegar stjórnandinn segir “búinn” í síðasta leitarsvæðinu.

## **NWELIT**

Leitarsvæðinu er gefinn hámarkstími fyrir allt svæðið, dómari getur gefið lengri tíma fyrir stjórnanda sem hefur minnkaða hreyfingu.

Tímataka hefst þegar hundurinn eða stjórnandinn hefur farið yfir merka startlínu, sama hvor fer fyrst yfir línuna. Tímavörður segir til þegar hálfur leitartíminn er búinn og þegar ein mínúta er eftir. Stjórnandinn getur beðið um að fá ekki að vita hvað langur tími sé eftir.

## **14.6 Verðlaunun**

Stjórnandinn má verðlauna hundinn meðan á leit stendur. Ef að stjórnandinn segir “hér” þá skal hann bíða eftir að dómari hefur sagt til um hvort það sé rétt áður en hann verðlaunar hundinn til þess að minka áhættuna á að verðlauna fyrir útlagða truflandi lykt.

Ef að teymið finnur ekki felu áður en tíminn rennur út eða ef stjórnandinn hefur ranglega sagt “hér” þá skal dómari segja hvar ein af felunum er svo stjórnandanum gefst tækifæri á að verðlauna hundinn eftir leitina.

Í NW3 innanhúsleit þar sem fleiri leitarsvæði eru þá segir dómari frá hvað ein fela er á síðasta leitarsvæðinu. Ef síðasta herbergið er tomt og stjórnandinn ranglega segir “hér” þá fær hann að fara til baka og verðlauna fyrir felu á fyrra leitarsvæði. Verðlaunun í NW3 má ekki eiga sér stað þannig að það geti smiti leitarsvæðið.

## 14.7 Röng merking

Ef stjórnandinn segir „hér“ á röngum stað þá stoppar leit á því leitarsvæði. Teymið fær hámarkstíma og fær 2 villur fyrir ranga merkingu. Í NW2 og NW3 þá fær teymið að halda áður áunnum stigum.

## 14.8 Að lyfta hundinum

Stjórnandi má lyfta hundinum á meðan leit stendur.

## 14.9 Áhrif á leitarsvæðið

Stjórnandi má ekki að snerta neina hluti á leitarsvæðinu án leyfis dómara. Ef stjórnandi snertir eitthvað án þess að fá leifi dómara þá fær teymið villu.

# 15. Stigagjöf

## 15.1 Stig

Keppni í NoseWork samanstendur af nokkrum keppnisþáttum sem samanlagt gefa 100 stig. Stigin dreifast á milli fjögurra mismunandi keppnisþátta með 25 stigum fyrir hvern keppnisþátt í NW1-3. Stigagjöf er mismunandi eftir því í hvaða flokki keppt er í.

## 15.2 NW 1

### Stigagjöf

Heildar stigafjöldi eru 100 stig sem skiptist niður á fjórar leitir með 25 stig fyrir hvert leitarsvæði.

Hundurinn verður að vera við feluna þegar stjórnandinn segir „hér“ til að fá stig.

### Röng merking

Ef að stjórnandinn segir „hér“ á vitlausum stað þá er leit lokið í þeirri leit og teymið fær hámarks tíma fyrir leitina og tvær villur.

## 15.3 NW2

### Stigagjöf


Dómarinn ákveður hvort að hundurinn sé nógu nálægt felu þegar stjórnandinn segir „hér“ til að hundurinn fái stig fyrir feluna.

Í NW2 þá velur dómarinn hvort að hann setji eina eða tvær felur í leitarsvæðið. Ef dómarinn setur tvær felur þá þarf hann að gefa hvorri um sig stig eftir erfiðleika, t.d. ef getur ein fela gefið 20 stig og hin 5 þar sem heildar stigin fyrir hverja leit er alltaf 25 stig.

### Villur

Við villur úr flokki 2 eða 3 (sjá kafla um villur) þá fær teymið að halda þeim stigum sem það hefur fengið í leitinni áður en villan varð.

## Dæmi um stigagjöf í NW 2



## 15.4 NW3

### Stigagjöf


Dómarinn ákveður hvort að hundurinn sé nógu nálægt þegar stjórnandinn segir „hér“ til að hundurinn fái stig fyrir feluna.

Stig eru gefin fyrir að segja „Búinn“ ef að hundurinn hefur fundið alla felurnar á leitarsvæðinu.

### Villur

Við villur úr flokki 2 eða 3 (sjá kafla um villur) þá fær teymið að halda þeim stigum sem þau hafa fengið áður en villan varð.

## Dæmi um stigagjöf í NW3



## 15.5 NWELIT

NWELIT er samansafn af mörgum leitum í einu leitarsvæði. Eitt leitarsvæði getur verið innanhúss og/eða utanhúss en verður að innihalda 2 til 5 leitargerðir. Í hverju keppnisþætti geta verið 0 til 5 felur en aðeins einn keppnisþáttur má vera án felu svo kallað tóm leit. Fjöldi keppnisþátta getur farið eftir hvernig leitarsvæðið er uppbyggt.

Staðsetning á felum í NWELIT

Felurnar mega vera

- Hámark 180 cm hæð
- Hámark 100 cm á bak við hluti
- Hámark 80 cm hæð í farartækjaleit
- Svo að hundurinn komist ekki alla leið að felunni

Hundurinn getur þurft að leita inn í bílum ef hurðin á bílnum er opin.

Í NWELIT þá geta fundist sjáanlegar felur (hundurinn á ekki að geta komist að hydrolatinu).

Í NWELIT geta verið sjáanlegir neikvæðir berar á leitarsvæðinu

## 15.6 Tímataka

Tímataka fer í gang þegar hundurinn eða stjórnandinn fer yfir startlínuna.

Stjórnandinn fær ekki að vita hversu margar felur eru á leitarsvæðinu fyrir fram. Þegar stjórnandinn telur að hundurinn hafi fundið felu þá segir hann „hér“. Dómarinn lætur vita að hann hafi heyrt að stjórnandinn hafi sagt „hér“ með því að segja „takk“ án þess að segja hvort það sé rétt eða rangt.

Tíminn stoppar þegar stjórnandinn segir „búinn“. Stjórnandinn segir „búinn“ þegar hann telur sig hafa fundið allar felurnar.

Ef að stjórnandinn segir ekki „búinn“ áður en tíminn rennur út eða áður en hann fer út fyrir leitarsvæðið og hættir leit þá fær hann hámarks tíma og hundurinn fær að halda þeim stigum sem hann hefur fengið fram að því.

Stjórnandinn má segja „búinn“ áður en að hundurinn er búinn að finna allar felurnar, hundurinn fær að halda öllum áunnum stigum og tíminn sem þeir stoppuðu er skráður í dómaraskýrsluna.

## 15.7 Röng merking

Ef að stjórnandinn segir „hér“ á vitlausum stað þá fær hann tvær villur og heldur áfram leit.

Við þriðju röngu merkinguna samanlagt í öllu leitarsvæðinu stoppar dómarinn leitina og teymið fær hámarks tíma en hundurinn heldur áunnum stigum.

## 15.8 Stigagjöf

Hver merking sem er rétt gefur alltaf stig og „búinn“ gefur stig ef að hundurinn finnur allar felurnar.

Dómarinn ákveður við hverja felu hvort hundurinn sé nógu nálægt til að fá stig fyrir feluna.

Það má mest vera 25 stig í hverju leitarsvæði, stig eru gefin eftir erfðleika þeirra og einnig fyrir „búinn“

## 15.9 Villur

Ef teymið fær villur úr flokki 2 eða 3 þá fær það að halda áunnum stigum

## 16. Villur

### 16.1 Flokkur 1 - 1 villa

- Stjórnandinn leiðréttir eða refsar hundinum, t.d með því að segja „nei“ og hundurinn upplifir það neikvætt, að stjórnandi rykki í tauminn, að stjórnandi neyði hund til að leita áfram með hendi eða hné eða að stjórnandi valdi hundinum streitu á meðan leit stendur með neikvæðu tali
- Stjórnandinn færir hluti á leitarsvæðinu án þess að ráðfæra sig við dómara og fengið til þess leyfi.
- Hundurinn setur loppurnar á annað en dekk fólksbíls í farartækjaleit.
- Stjórnandinn leyfir hundinum að fara undir farartæki þegar það er ekki leyfilegt.
- Stjórnandinn tekur tauminn af hundinum án þess að fá fyrir því leyfi frá dómara.
- Stjórnandinn verðlaunar hundinn eftir að hafa sagt ”hér” án þess að hafa fengið staðfest af dómara að það sé rétt.
- Stjórnandi eða hundur missir verðlaun (nammi/dót) á leitarsvæðinu eða smitar það á annan hátt t.d. með því að sleikja leitarsvæðið mikið, stjórnandi snertir hlut á leitarsvæðinu eða hundur strýkur líkama sínum á leitarsvæðinu.

Leit á leitarsvæðinu er hætt ef teymið fær fleiri en 3 villur úr flokki 1. Teymið fær hámarks tíma og fær að halda áunnum stigum úr leitinni.

### 16.2 Flokkur 2 - 2 villur

- Hundurinn gerir stóra áverka á leitarsvæðið t.d. skemmir kassa, bítur, grefur, krafsar eða rispar/skemmir lakk á ökutækjum.
- Stjórnandinn segir ”hér” á röngum stað.

Teymið fær hámarks tíma og leit stöðvast á leitarsvæðinu. Í NW2 og NW3 þá fær teymið að halda áunnum stigum frá leitarsvæðinu.

Ef stjórnandinn segir ”hér” á leitarsvæði sem er með fleiri en eitt svæði það stoppar bara leitina á því svæði sem hann er á en fær að halda áfram á hinum svæðunum.

### 16.3. Flokkur 3 – 3 villur

- Hundurinn gerir þarfar sínar á leitarsvæðinu eða sýnir tilburði til þess (gildir einnig hunda sem hafa ”bleyju”)
- Dómari stoppar leit , t.d. ef hundurinn er metinn of stressaður eða með verki., Einnig ef stjórnandinn setur hundinn í hættu eða dómari telur að hundurinn viti ekki hvað er ætlast til af honum.
- Ef hundur fer af leitarsvæðinu og virkar óstjórnsamur.

Teymið fær hámarkstíð og leit er hætt á þessu leitarsvæði. Í NW2 og NW3 Fær teymið að halda áunnum stigum í leitinni.

## 17. Leit stoppuð

Ef stjórnandinn velur að stoppa leit af einhverjum ástæðum, þá fær hann 0 stig 0 villur og hámarkstíma fyrir leitina

Dómarinn getur stöðvað leit á leitarsvæði ef það er augljóst að hundurinn veit ekki hvað er vænst af honum eða ef hundurinn er nálægt því að lenda í háska.

## 18. Uppröðun í sæti að lokinni keppni

Í röðun keppenda í sæti þá gildir eftirfarandi:

- Flest stig
- Fæstar villur
- Stystur tími (mín:sek:sekbr)

## 19. Komast upp um flokk

Teymi getur komist í næsta flokk ef það nær 100 stigum og ekki fleiri en þremur villur í þremur keppnum.

Teymi sem hefur verið fært í næsta flokk fær ekki að keppa í flokki fyrir neðan sig.

Hundi er óheimilt að keppa með öðrum stjórnanda í tveimur flokkum fyrir neðan sig, þ.e. hundur sem keppir í NW3 getur ekki keppt í NW1 með öðrum stjórnanda.

## 20. Að færast niður um flokk

Teymi sem hefur fengið færri en 50 stig á þremur keppnum í röð getur óskað eftir því við ÍNWK að fá að færa sig niður um flokk.

Teymi sem hefur ekki keppt í sínum flokk eitt ár getur óskað eftir því við ÍNWK að færa sig niður um flokk.

Áður en teymi fær að keppa í hærri flokk þá þarf teymið að standast lyktarpróf fyrir þann flokk.

Til að komast aftur upp um flokk þarf teymið að ná þremur viðurkenningum í þeim keppnisflokki.

## 21. Viðurkenningar og meistaratitlar

Teymi sem hafa hlotið 100 stig og ekki fleiri en þrjár villur í keppni hljóta viðurkenningu.

Teymi sem hlotið hafa þrjár viðurkenningar í hverjum keppnisflokki, samtals 15 viðurkenningar hljóta titilinn íslenskur NoseWork meistari í viðkomandi flokki, þ.e. íslenskur NoseWork 1 meistari, íslenskur NoseWork 2 meistari o.s.frv.

## **22. Sérstæð viðurkenning**

Sérstæð viðurkenning er hægt að veita í öllum keppnisstigum (NW1-NW3) í öllum flokkum. Verðlaunin þýða að stjórnandi og hundur hafi sýnt fram á, t.d. framúrskarandi samvinnu eða leitartæki að mati dómara.

Dómarinn skráir sérstæða viðurkenningu í dómaraskýrslu og rökstuðning fyrir veitingunni.